

AUGLÝSING

50

30. marz

um undanþágu frá greiðslu söluskatts af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, hefur ráðuneytið ákveðið, að eftirgreindar vörutegundir skuli undanþegnar söluskatti:

Egg,
Tilbúinn áburður,
Slátur, óunnið,
Flugvélabenzín.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 30. marz 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

GJALDSKRÁ

51

30. marz

fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Ólafsfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Þar sem orkan er aðallega notuð til lýsingar og suðu, skal hún seld um einn kwst.-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 25 aura hver kwst. Auk þess greiðist fastagjald, 25 aurar á hvern fermetra gólfflatar íbúðarherbergja. Til íbúðarherbergja teljast allar stofur og eldhús, en ekki gangar, geymslur og baðherbergi.

Undir þennan gjaldskrárlið falla og vinnustofur, skrifstofur og verzlanir.

B. Vélar.

Þar sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld um kwst.-mæli á 80 aura hver kwst. allt að 150 kwst. á hvert kw. í málraun vélanna, en 24 aurar hver kwst., sem notuð er fram yfir það. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 120 á hvert kw. í málraun vélanna.

C. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Rafveitustjórn getur, í samráði rafveitustjóra, með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem nauðsynlegt er að dómi rafveitustjóra.

D. Næturráfmagn.

Til upphitunar, um kwst.-mæli á 8 aura hver kwst.

Til hökunar og vélareksturs, um kwst.-mæli á 8 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, kr. 5.00 á mánuði á hvert uppsett kw. ofna eða véla.

51 E. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjórn, í samráði við rafveitustjóra, 30. marz selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

F. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp | kr. 1.50 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 Amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 Amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 Amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

1. Vanskil.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar, nr. 90 27. apríl 1945.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. marz 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.